

STF-2017-14 Myndspor, safn ljósmynda

Verkefnið hófst í september 2016 og áætluð lok september 2018. Það hafa 28 myndasöfn verið skönnuð inn, alls 3550 myndir og við hverja mynd hafa verið skráðar upplýsingar um myndefnið. Fáist fjármagn til að halda þessu verkefni áfram er meðal annars stefnt að því að:

- Safna fleiri ljósmyndum og hafa samband við sem flesta til að afla upplýsinga. Markmiðið er 6000 ljósmyndir og 15 myndasöfn í viðbót fyrir 1. september 2018
- Halda myndasýningar fyrir almenning í nóvember 2017, janúar og mars 2018 og sérstakar sýningar fyrir íbúa á Klausturhólum um það bil einu sinni í mánuði yfir veturinn.
- Sýna valdar myndir Eggerts Guðmundssonar, ljósmyndara, frá Söndum í Meðallandi á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps í október 2017.
- Kirkjubæjarstofa er að gefa út bók í samvinnu við Bókaútgáfuna Sæmund um þjóðleiðir í Skaftárhreppi. Vera Roth skrifar bókina. Vera og Lilja munu velja myndir úr safni Myndspora í bókina.
- Deila myndum úr myndasafninu á vefnum www.eldsveitir.is Nú þegar eru á vefnum margar af myndum Myndspora og í hverri viku er bætt við.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.450.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.